

## D Ó M U R

# Héraðsdóms Norðurlands eystra föstudaginn 30. júní 2006 í máli

nr. S-103/2006:

### Ákærvaldið

*(Guðjón Jól Björnsson fulltrúi)*

**gegn**

**X.**

Mál þetta, sem dómtekið var þann 15. júní sl., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæruskjali lögreglustjórans á Akureyri, útgefnu 21. apríl 2006, á hendur X, kt. 000000-0000, [...],

„fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfararnótt sunnudagsins 6. nóvember 2005, í skemmtistaðnum Sjallanum, Geislagötu 14, Akureyri, skallað A, kt. 000000-0000, í andlitið, með þeim afleiðingum að hann hlaut brot á nefbeini, auk þess sem brotnaði úr framtönn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Samkvæmt rannsóknargögnum kom A, til lögreglunnar á Akureyri þann 21. nóvember 2005 og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir líkamsárás er hann kvað hafa gerst 6. s.m. Skýrði hann lögreglu svo frá að hann hefði verið staddur á skemmtistaðnum Sjallanum aðfararnótt téðs dags og setið þar í sófa og rætt við vinnufélaga sinn þegar ákærði hafi komið að þeim og farið að vera með skæting í garð vinnufélagans en ekki hafi komið til átaka. Vinnufélaginn og ákærði hafi síðan farið frá sér. Skömmu síðar hafi ákærði komið aftur til sín og eftir nokkur orðaskipti þeirra á milli hafi hann skallað sig í andlitið og hafi höggið komið efst á nefið, sem hafi strax orðið aumt og bólгнаð upp. Ennfremur hafi brotnað úr framtönn. Ákærði hafi síðan gengið burt en dyraverðir komið til aðstoðar. Lögregla hafi síðan komið á staðinn og ekið sér á slysadeild.

Í framhaldi að kæru A hófst lögreglurannsókn og voru m.a. yfirheyrð nokkur vitni svo og ákærði. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst ákærði ekki muna eftir atvikum. Vitni báru hins vegar að ákærði hefði skömmu eftir atburðinn viðurkennt brot sitt.

Þann 31. mars 2006 kom A til lögreglunnar og féll frá kæru sinni þar sem ákærði hefði greitt honum að fullu bótakröfu er hann gerði á hendur honum.

Af hálfu ákæruvaldsins og ákærða þótti ekki ástæða til annarrar sönnunarfærslu fyrir dóminum en skýrslutöku af ákærða.

Hér fyrir dóminum kveðst ákærði ekki muna eftir atvikum en með vísan til framburðar vitna, er fram koma í rannsóknargögnum kveðst hann ekki geta neitað sök í málinu og því játa brot sitt. Er játning ákærða í samræmi við gögn málsins. Áverkar þeir er í ákæru greinir eru í samræmi við vottorð læknis er frammi liggur í málinu. Með hliðsjón af ofangreindu þykir sök ákærða nægjanlega sönnuð og varðar verknaður hans við tilgreind lagaákvæði í ákæru.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði þann 25. mars 2003 dæmdur í 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða nú hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingar og hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Samkvæmt reikningi sem fram er lagður í málinu nemur sakarkostnaður kr. 12.500,- og ber að dæma ákærða til greiðslu hans.

Dóm þennan kveður upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

## **D Ó M S O R Ð :**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði kr. 12.500,- í sakarkostnað.

Freyr Ófeigsson.